

BORGARRÁÐ 5. júní 2025: Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar um lækkun álagningarhlutfalls fasteignagjalda íbúðahúsnæðis - MSS25060034

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela fjármála- og áhættustýringarsviði að undirbúa tillögu að breytingu á fjárhagsáætlun Reykjavíkur þar sem álagningarhlutfalli fasteignagjalda á íbúðarhúsnæði lækki þannig að hækkun fasteignamats hafi ekki áhrif til hækkunar gagnvart íbúum og tekjur borgarsjóðs af fasteignagjöldum hækki ekki á milli áranna 2025 og 2026. Miða skal við að borgarstjórn taki tillöguna til afgreiðslu á fundi sínum 24. júní.

Greinargerð

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun birti í lok maí nýtt fasteignamat fyrir árið 2026. Niðurstaðan er að fasteignamat íbúðarhúsnæðis í Reykjavík hækkar að meðaltali um 9,9% á næsta ári. Fasteignamat íbúðahúsnæðis í Reykjavík hefur hækkað mjög undanfarin ár. Árið 2025 hækkaði fasteignamatið um 2,5%, árið 2024 hækkaði fasteignamatið um 13,4% og árið áður 2023 var hækkunin 22%. Þróunin nær lengra aftur í tímann og í heild hefur fasteignamat á Íslandi hækkað um 62% frá 2021-2025. Hér í Reykjavík hefur álagningarhlutfall fasteignagjalda á íbúðahúsnæði 0,18% staðið óbreytt þrátt fyrir hækkun fasteignamats. Þetta hefur leitt til þess að skattstofninn hefur stækkað mjög og upphæð innheimtra fasteignagjalda hækkað þótt þjónusta við hvert heimili sé í grunninn óbreytt. Þessi aukna skattheimta er mjög íþyngjandi fyrir heimilin í borginni. Nú stendur yfir fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2026. Tillagan er sett fram núna til þess að tryggja að tekjuspá fyrir næsta ár verði uppfærð með hliðsjón af lækkun álagningarhlutfallsins og útgjöld taki mið af uppfærðri tekjuspá. Framsókn telur rétt að íbúar fái að njóta góðs árangurs af bættum rekstri og því sé rétt að lækka álagningarhlutfall fasteignagjalda.